

FUNDAGERÐ LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

131. fundur Landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 5. mars 2015 kl. 12:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra.

Fundinn sátu:

Jóhann Ragnarsson, Sigríður Ólafsdóttir, Sigtryggur Sigurvaldason, Matthildur Hjálmarsdóttir. Þórarinn Óli Rafnsson

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri.

Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir

Formaður setti fund.

Dagskrá:

1. Riðutilfelli í Vatnsneshólfi
2. Refa- og minkaeyðing, umsóknir.
3. Ástand háspennuvirkis og afhendingaröryggi rafmagns í Húnaþingi vestra.

Afgreiðslur:

1. Riðutilfelli í Vatnsneshólfi. Fyrir liggur beiðni frá Umhverfisstofnun um leyfi til urðunar á Syðri Kárastöðum vegna riðuniðurskurðar. Jafnframt liggur fyrir bréf frá Svönu Sigtryggisdóttur landeiganda Syðri Kárastaða þar sem hún hafnar því alfarið að riðuveikt fé sé urðað á hennar landi. Landbúnaðarráð styður ákvörðun Svönu um að ekki verði urðað á Syðri Kárastöðum og krefst þess að riðuveikt fé fari í brennslu sbr. reglugerð 108/2010 (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis, auk áorðinna breytinga).

Einnig kom fram í samskiptum við Umhverfisstofnun að til stæði að farga fénu í sláturhúsi SKVH á Hvammstanga. Landbúnaðarráð setur verulegan fyrirvara við þá ákvörðun og vísar í sömu reglugerð og hér að ofan nr. 108/2010.

2. Refa- og minkaeyðing, umsóknir.

Fram lagðar umsóknir frá aðilum er vilja stunda grenjavinnslu og minkaveiði í Húnaþingi vestra næstu fjögur árin.

Umsóknir bárust frá eftirtöldum aðilum um grenjavinnslu:

Nafn umsækjanda	Svæði sem sótt er um á
Sigurbjartur Benediktsson	Þorkelshólshreppi hinum forna / Víðidal
Ari Arason	Fyrrum Staðarhreppur
Jóhannes Óskar Sigurbjartsson	Fyrrum Kirkjuhvammshreppur
Skúli Ástmar Sigfússon	Víðidalur
Konráð Pétur Jónsson	Gamli Þverárhreppur
Björn Viðar Unnsteinsson	Gamli Þverárhreppur
Kristófer Jóhannesson	Miðfjörður
Hannes Guðmundur Hilmarsson	Gamli Bæjarhreppur

Umsóknir bárust frá eftirtöldum aðilum um minkaeyðingu:

<u>Nafn umsækjanda</u>	<u>Svæði sem sótt er um á</u>
Þorbergur Guðmundsson	Miðfjarðarsvæði
Kristján Svavar Guðmundsson	Miðfjarðarsvæði
Kristmundur Ingþórsson	Víðidalur, Fitjárdalur og Hrútafjörður
Elmar Baldursson	Fyrrum Kirkjuhv.hr /Vesturhóp
Þormóður Ingi Heimisson	Fyrrum Kirkjuhv.hr /Vesturhóp
Hannes Guðmundur Hilmarsson	Gamli Bæjarhreppur

Landbúnaðarráð samþykkir að fela sveitarstjóra að gera samninga við þessa umsækjendur fyrir 30. apríl nk. Þar sem fleiri en einn sækja um sama svæði þarf að tryggja samvinnu.

3. Ástand háspennuvirkis og afhendingaröryggi rafmagns í Húnaþingi vestra. Fulltrúar Rarik koma á fundinn, Steingrímur Jónsson, Valgeir Valgeirsson og Ársæll Daníelsson. Steingrímur fór yfir línur í Húnavatnssýslu, lagnir eftir fjölda leiða og aldri . Þá sýndi hann framkvæmdaráætlun Rarik. Rætt um lagningu jarðstrengs meðfram hitaveitframkvæmdum.

Næsti fundur ákveðinn 2. apríl nk. kl 13:00

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:18

Jóhann Ragnarsson

Sigtryggur Sigurvaldason

Sigríður Ólafsdóttir

Þórarinn Óli Rafnsson

Matthildur Hjálmarsdóttir

Guðný Hrund Karlsdóttir